

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Lettlands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Lettlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996, 23/1996, 27/1997 og 27/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

<i>Nr.</i>	<i>Dags.</i>	<i>Efni</i>	<i>Gildistaka</i>
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	06.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.